

## 5. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2011

### Ályktun um að FG beiti sér fyrir að efla vægi list- og verkgreina í skólastarfi

5. aðalfundur FG 17. – 18. maí beinir því til stjórnar FG að hún og skólamálanefnd FG beiti sér fyrir að efla vægi list- og verkgreina í skólastarfi almennt í samvinnu við KÍ. Að FG framkvæmi þannig framtíðarsýn FG 2007 – 2020 sem unnin var í samstarfi við samband sveitafélaga og skólastjórafélag Íslands.

Vinna skal framkvæmdaáætlun og greina frá henni á ársfundi FG 2012. Leita skal til fagfélaga list- og verkgreina um samvinnu við slíka verkáætlun.

Við undirbúningsvinnu skal styðjast við niðurstöður úr könnun Pr. Anne Bamforde, „*Arts and cultural education in Iceland*“ sem kom út á vegum Mrn 2009 og hefur nú verið íslenskuð. Einnig skal hafa til hliðsjónar „*Vegvísir fyrir listfræðslu*“ frá 2007, skýrslu UNESCO frá heimsráðstefnu um listfræðslu sem haldin var í Lissabon, og niðurstöður 2. ráðstefnu UNESCO sem haldin var í Seoul í maí 2010, sem var til að fylgja eftir niðurstöðum úr *Vegvísir fyrir listfræðslu*.

#### *Greinargerð:*

List- og menningarfræðsla á Íslandi; Úttekt Pr. Anne Bamforde á vegum Mrn 2008-2009. <http://ft.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=12717>.

Pr. Anne Bamforde kemst að þeirri niðurstöðu að í mörgu sé list- og menningarfræðsla í mjög háum standard hér á Íslandi og í sumum tilvikum á heimsmælikvarða. Hins vegar koma líka fram fjölmörg atriði sem íslenska menntakerfið þarf að huga að til að efla list- og menningarfræðslu. Huga þarf t.d. vel að listgreinum innan grunnskólanna, þar sem gríðarlegur munur virðist vera á aðstöðu á milli skóla. Oft vantar fullnægjandi aðstöðu og jafnvel kennara með réttindi. Pr. Bamforde bendi einnig á að almennt þurfi að stórauka samstarf milli skóla, stofnanna, listamanna o.s.frv.

„*Vegvísir fyrir listfræðslu*“, Skýrsla UNESCO frá heimsráðstefnu um listfræðslu í Lissabon 2006. <http://ft.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2840>.

Í vegvísinum er lögð áhersla á að auka þurfi vægi lista og menningar í námi. Einnig þurfi er lögð mjög sterk áhersla á að list- og verknám sé mannréttindi sem eigi að vera aðgengilegt öllum óháð stöðu eða aðstæðum.

Í vegvísinum segir: “Þessari skýrslu er ætlað að stuðla að sameiginlegum skilningi á mikilvægi listfræðslu og grundvallar mikilvægi hennar í bættri menntun. Vegvísinum er ætlað að leiða þróun listfræðslu, og benda á hvaða skref þarf að stíga. Vegvísirinn er þannig rammi til að miðla sýn og að búa til skapandi og menningarlega meðvitað samfélag“

Í vegvísinum er vitnað í Pr. Damasio sem segir að mikil áhersla á bóknám fram yfir listnám þar sem tilfinningar koma meira við sögu hefur valdið því að vaxandi gjá hefur myndast milli vitsmunalegs þroska og tilfinningalegs þroska. Aukin staðreyndabekking og þjálfun vitsmuna ein og sér er ekki nóg til að uppfylla hugtakið menntun. Við þurfum líka á fagurfræðilegri hugsun að halda. Við þurfum á listum og menningu að halda til að menntast til fulls.

Úr Samningi um réttindi barnsins, grein 31 (tekið úr Vegvísi UNESCO):

„Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju.